

Fundur í skólaráði Glerárskóla 4. mars 2019

Mættir: Helgi hverfisnefnd, Dagný foreldri, Birta og Tinna nemendur, Inga Huld kennari, Brynja f.h. starfsmanna, Helga deildarstjóri skráir fundinn. Ágúst boðar forföll.

1. Starfsmannamál: Mikið af veikindum og forföllum í vetur. Mikil starfsmannavelta. Starfsfólkið staðið sig vel en mikið álag á því. Verið að liðka um hjá kennurum. Spurt um einn kennara sem er á leiðinni aftur í vinnu eftir nokkrar vikur. Verið að reyna að púsla og allir boðnir og búnir að hjálpa til. Mikið rót fyrir nemendur. Nemendur fá frí í mjög fáum tilfellum.
2. Skóladagatal: Eyrún fór yfir það og sagði frá helstu atburðum. Spurt er út í viðtaldagana. Einn fyrir áramót en tveir eftir áramót þar sem ætlast er til að viðtölin verði lengri. Spurt um árhátíðina –hvers vegna hún sé ekki á föstudegi. Því svarað með ýmsum rökum. (Búið að ganga frá d.j. og skemmtikröftum frá Grenivík (spiceman) þetta árið). Skóladagatalið ekki borið undir aðra starfsmenn þetta árið.
Skóladagatalið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
3. Framkvæmdir á Glerárskólareit: Búið að auglýsa breytt svæðisskipulag þar sem lóðin vestan bílastæðis er tekin inn í reitinn. Í vor á að fara í breytingar á B-álmum og byrja þar 1. maí. Þarf að færa 1.-3. bekk og leikskólann. Þannig að það þrengist um allt hér. Einnig verður farið í framkvæmdir á íþróttahúsi á vordögum. Verið er að reyna að fá Árholt í vor undir einhverja starfssemi/kennslu, sennilega til næstu tveggja ára. Í B-álmum verður nánast allt tekið út og skipt um flest þar, gólfduka (gólfhiti á gang), loftræstikerfi, hurðir, klósettum breytt í einstklingsklósett, raflagnir, kotin verða tekin, opnanlegir milliveggir settir inn og margt fleira. Þök verða löguð. Kennararými verður útbúið. Gert er ráð fyrir sameiginlegu rými með leikskóla en það ekki sett inn í hönnun fyrr en eftir ár.
4. Önnur mál: Atriði 9. bekkjar fyrir árhátíð farið af stað. Leistjórinn Úlfhildur farin af stað með nemendur.
Eyrún verður fjarverandi í 3. vikur frá 18. mars til 6. apríl. Helga verður í Erasmus+ ferð í Tyrklandi 18-23. mars og mun Tómas Lárus verða hér ásamt stigstjórum.
Húsgögn á leiðinni sem fara inn á miðstig og yngsta stig. Nemendurnir vilja gjarnan fá rúllustóla.

Ekki fleira rætt.

Helga